

## HPE-2018-02 Traktorsferðir

Umsækjandi er Ferðamálafélag Hríseyjar. Verkefnið felst í því að gera upp traktorinn og traktorsvagninn sem Ferðamálafélagið hefur notað til þess að bjóða upp á traktorsferðir um eyjuna í gegnum árin. Bæði tæki eru komin nokkuð til ára sinna og því nauðsynlegt að sinna viðhaldi á þeim. Þar að auki eru gerðar meiri kröfur til fólksflutninga í dag en þegar traktorsferðirnar hófust og breytinga þörf á vagninum. Sótt var um 1.000.000 króna.

Verkefnið fellur einstaklega vel að markmiðum Byggðapróunarverkefnisins því það styður við ferðapjónustuna, ýtir undir sérstöðu Hríseyjar og eflir samvinnu eyjaskeggja. Auk þess eru traktorsferðirnar orðnar hluti af ímynd Hríseyjar og því nauðsynlegt að halda þeim áfram.

Verkefninu var úthlutað 900.000 kr.- árið 2018.

Upplýsingum úr framvindu- og lokaskýrslum verkefnisins verður bætt hér við eftir því sem verkefninu vindur fram.